

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 190/2024

2024/EES/92/09

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1068 frá 12. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með rósmarínkjarna sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1070 frá 12. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 25-hýdroxýkólealsíferóli, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 146008, fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, aðra alifugla og svín og um leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir jörturdýr og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1104 frá 17. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 11520 sem fôðuraukefni fyrir hesta, hunda, ketti og kanínur ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1070 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 ⁽⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætast við á eftir 576. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1058):

„577. **32024 R 1068:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1068 frá 12. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með rósmarínkjarna sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda (Stjtið. ESB L, 2024/1068, 15.4.2024).

578. **32024 R 1070:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1070 frá 12. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 25-hýdroxýkólealsíferóli, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 146008, fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, aðra alifugla og svín og um leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir jörturdýr og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 (Stjtið. ESB L, 2024/1070, 15.4.2024).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1068, 15.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1068/oj.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1070, 15.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1070/oj.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1104, 18.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1104/oj.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 68.

579. **32024 R 1104:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1104 frá 17. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 11520 sem fôðuraukefni fyrir hesta, hunda, ketti og kanínur (Stjtið. ESB L, 2024/1104, 18.4.2024).“

2. Texti liðar 1zzzzzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009) og 1. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009) við lið 1zzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1443/2006) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/1068, (ESB) 2024/1070 og (ESB) 2024/1104, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.